



Dalabyggð

Minnisblað - 2101036

Til: Umhverfis- og skipulagsnefndar
Frá: Skipulagsfulltrúa
Efni: *Vegna fyrirspurnar um Sælingsdalstungu*
Dags.: 08.04.2021

Tillaga að landskiptum þ.e.a.s. hverju Dalabyggð ætti að halda eftir komi til sölu sveitarfélagsins á jörðinni Sælingsdalstungu: **Lagt er til að haldið verði eftir landinu fyrir ofan Vestfjarðarveg frá Hafragili og vestur í Mjósund.**

Sveitarfélagið haldi þessu landi eftir vegna vatnsbólísins á Svínadal. Með þessu yrði lagnaleið vatnsveitu einnig alltaf í landi sveitarfélagsins fyrstu kílómetrana komi til endurnýjunar á vatnslögn.

Að auki má nefna að lagnaleið ljósleiðara er með þessu í landi sveitarfélagsins. Þá er líklegt að lagnaleið þriggja fasa rafstengs myndi liggja um land sveitarfélagsins þegar þar að kemur og gæti verið á svipuðum slóðum og ljósleiðari. Eins væri líkleg endurnýjun viðbót við byggðalínu Landsnets sem á að gerast fyrir 2030 vegna hringtengingar Vestfjarðar einna helst á efri hluta jarðarinnar.